

S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélagið Faxi.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélagið Faxi.

Heimili þess og varnarþing er í Biskupstungnahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Tungufljóti ofan Faxa og ám og lækjum, sem í það renna, en þær eru: Vatnsleysa I, Vatnsleysa II, Vatnsleysa III, Heiði, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir I, Drumboddsstaðir II, Holtakot, Hjarðarland, Einholt, Kjarnholt I, Kjarnholt II, Gýgjarhólskot, Gýgjarhóll I, Gýgjarhóll II, Múli, Neðridalur, Helludalur I, Helludalur II, Laug, Haukadalur og Bryggja, Haukadalur (skógrækt), Brú, Torta, Brúarhvammur og Hólar.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

- a) Að gera fiskiveg í fossinn Faxa.
- b) Að stuðla að ræktun nytjafiskjar á félagssvæðinu.
- c) Að ráðstafa veiði á félagssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku, skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórn frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins, kr. 200.00 á ári, þar til arðskrá liggur fyrir, sbr. 50. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókasjóð Hjúkrunarfélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. janúar 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasjóð Hjúkrunarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. des. 1971. Stofnfé sjóðsins er kr. 169 191.60 og er það gjöf Hjúkrunarfélagsins Líknar.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla bókakost félagsins.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka og má aldrei skerða höfuðstólinn, en vöxtum má verja til bókaupa.

4. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af stjórn Hjúkrunarfélags Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um bókaupin og hefur reikningshald sjóðsins með höndum. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana svo og öll bókaup og reikninga.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir, en síðan skulu þeir bornir upp til samþykktar á aðalfundi félagsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.